

# Frumvarp til laga

um

## ábyrgðarfjelög.

(Lagt fyrir alþingi 1913).

---

### 1. gr.

Auk lífsábyrgðarstofnunar ríkisins og ábyrgðarfjelaga, sem stofnuð eru samkvæmt sjerstökum lögum, mega ekki aðrir reka hjer á landi ábyrgðarstarfsemi en blutafjelög, innlend eða útlend, eða fjelög með gagnkvæmri ábyrgð, er fullnægja skilyrðum þeim, sem hjer fara á eftir. Það er ábyrgðarstarfsemi samkvæmt lögum þessum, að taka að sjer gegn iðgjöldum lífsábyrgðir og váttryggingar, hverju nafni sem nefnast. Starfsemin telst því aðeins rekin hjer á landi, að framboðin sjeu á einhvern hátt af ábyrgðarfjelags hálfu viðskifti innanlands, en ekki þó hjerlendir menn leiti til ábyrgðarfjelaga í öðrum löndum, sem ekki hafa erindsreka hjer í landi, og fái ábyrgðir hjá þeim.

### 2. gr.

Nú vill útlent ábyrgðarfjelag reka starfsemi hjer á landi, og skal það þá hafa aðalumboðsmann, búsettan hjer, þann er stjórnarráðið löggildir. Áður en slik löggilding er gefin skal fjelagið setja þá trygging fyrir greiðslu ábyrgða, sem stjórnarráðinu þykir nægja, og á þann hátt, er það telur tryggilegt, og afhenda stjórnarráðinu yfirlýsing um, að fjelagið hafi varnarþing hjer á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður er búsettur, í öllum þeim málum, sem rísa kunna út af ábyrgðum, sem fjelagið tekst á hendur gagnvart hjer búsettum mönnum, eða stofnunum hjer á landi. Þetta skal sjerstaklega tekið fram í ábyrgðarskirteinunum.

Undirumboðsmenn getur aðalumboðsmaður með samþykki stjórnarráðsins sett út um landið, þar sem honum sýnist, en hann ábyrgist fyrir hönd fjelags síns allar gjörðir undirumboðsmanns, er snerta starfsemi fjelagsins hjer á landi.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hins almenna brunabótafjelags kaupstaðanna í Danmörku nje til annara fjelaga, sem hafa rekið ábyrgðarstarfsemi hjer á landi í full 20 ár, þá er lög þessi öðlast gildi.

3. gr.

Ef hjerlendir menn vilja stofna fjelag til þess að reka starfsemi þá, sem sem um ræðir í 1. gr., enda sje fjelagið eigi stofnað samkvæmt sjerstökum lögum, skulu sjerlög fjelagsins því að eins gild, að stjórnarráðið samþykki þau. Til þess að slíkt samþykki verði gefið, skal þar meðal annars ákveðið:

a ð stjórn fjelagsins eða meiri hluti hennar skuli vera búsett hjer á landi, a ð fjelagið hafi varnarþing hjer, og

a ð því sje skylt að endurbyggja, að minsta kosti að helmingi, skuldbindingar sínar í erlendum fjelögum, er stjórnarráðið tekur gild og álitur fjárhagslega trygg, þangað til fjelagið hefir komið sjer upp varasjóði, er stjórnarráðið telur standa í hæfilegu hlutfalli við skuldbindingar þær, er fjelagið tekst á hendur. Auk þess skal sannað, að fjelagið hafi svo mikið tryggingarfje auk endurtryggingar, sem nægja þykir, og lög fjelagsins mæla fyrir um.

4. gr.

Öll ábyrgðarfjelög, er starfa hjer á landi, skulu háð eftirliti stjórnarráðsins um það, að ekki sjeu sett nein ákvæði í ábyrgðarskírteini þeirra, sem koma í bága við gildandi lög, svo og að öll ákvæði í ábyrgðarskírteinunum sjeu svo ítarleg, skýr og greinileg, að ekki geti neinn efi leikið á skyldum og rjettindum hlutaðeigandi ábyrgðarfjelags gagnvart viðskiftamönnum þess.

5. gr.

Verði ábyrgðarfjelag, er starfar hjer í landi samkvæmt 2. eða 3. gr., uppvisst að því, að hafa í verulegum atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða ef það sannast, að það hafi eigi ætið fyrirbyggjandi tryggingarfje það, sem áskilið er, hefir fjelagið fyrirgert rjetti sínum til þess að taka að sjer nýjar ábyrgðir hjer á landi eftir nánari ákvörðun stjórnarráðsins í hvert skifti.

6. gr.

Sjerhverju ábyrgðarfjelagi, er starfar hjer á landi, er skylt að senda stjórnarráðinu á ári hverju fyrir aprillok skýrslu um starfsemi fjelagsins undanfarið ár í því formi, sem stjórnarráðið ákveður, sbr. lög nr. 20, 3. okt. 1903.

7. gr.

Brot gegn 1. gr. þessara laga varða sektum frá 500—5000 krónum, sem renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skulu rekin sem almenn lög-reglumál.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta alþingi samþykkti neðri deild þingsályktun um að skora á landsstjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er banni öðrum ábyrgðarfjelögum, svo sem lífsábyrgðarfjelögum, brunabótafjelögum, slysaábyrgðarfjelögum, sjóvátryggingarfjelögum o. s. frv. að starfa hjer á landi, en þeim, er hafi hjer umboðsmenn, er stjórnarráðið samþykkir, hafi varnarþing hjer og hafi sett tryggingarfje fyrir ábyrgðum þeim, er þau takast á hendur hjer á landi.

Eins og kunnugt er hafa lög nr. 58, 22. nóvbr. 1907 um stofnun brunabótafjelags Íslands, ekki enn getað komist til framkvæmdar vegna þess, að ekki hefir tekist að fá endurtrygging hjá útlendum brunabótafjelögum. Það er viðbúið, að menn í kaupstöðum og kauptúnum verði enn um hrið að vátryggja í útlendum fjelögum hús og lausafje. Jafnvel þótt á því kunni að hafa brytt í einstökum tilfellum, að ástæða sje til að tryggja hjerlenda viðskiftamenn útlendra ábyrgðarfjelaga betur en gert hefir verið, með lagaákvæðum í líka átt sem áminst þingsályktun fer fram á, þá er þó að áliti stjórnarráðsins mjög varhuga-vert að gera mjög strangar kröfur í þessu efni nú sem stendur. Hinir tíðu brunar hjer hin síðari árin hafa vakið óhug hjá fjelögunum, svo að búast má við, að verði krept að þeim með lögum, muni þau annað tveggja hætta alveg starfsemi hjer, eða hækka iðgjöldin enn meir. Mætti því af ströngum lagareglum leiða, að menn hjer yrðu enn harðara úti með iðgjöld en nú er, eða fengju alls ekki vátrygðar eigur sínar.

Stjórnin telur þó eigi frágangssök að gera þær kröfur, sem frumvarp þetta fer fram á, til nýrra fjelaga, sem annaðhvort byrja starfsemi sína eftir að lögin koma í gildi, eða þá hafa byrjað fyrir eigi allöngu, en henni þykir varhugavert, að beita þeim til fulls gegn þeim fjelögum, sem starfað hafa hjer í marga áratugi og jafnan staðið í skilum að uppfylla skuldbindingar sínar. Virðast þau geta skoðað það sem óþarfa tortrygni við sig, að heimta tryggingarfje, varnarþing hjer o. s. frv., og gæti það leitt til þess, að þau dragi sig í hlje. En þar sem þau eru viðurkend mjög öflug og áreiðanleg fjelög, gæti það spilt lánstrausti manna, er þeir gætu eigi lengur vátrygt eigur sínar hjá þeim, heldur neyddust til að gera það í miður þektum og eigi eins öflugum fjelögum. Stjórnin hefir því álitid, að undanskilja bæri frá ákvæðum 2. greinar laganna þau fjelög, sem hafa starfað full 20 ár hjer á landi þá er lögin öðlast gildi auk þeirra stofnana, sem starfa hjer samkvæmt gildandi lagaboðum. Með því að ábyrgðarfjelög hafa ekki verið skyld að senda landsstjórninni skýrslur fyr en eftir að lögin frá 3. okt. 1903 komu í gildi, verður ekki um það sagt með vissu, hve mörg þau fjelög eru, sem starfað hafa hjer í 20 ár, auk þeirra stofnana sem undanskildar eru með berum orðum, en það er víst, að eftirnefnd fjelög hafa rekið hjer starfsemi þann tíma eða lengur:

1. Nye danske Brandforsikring. Byrjaði 1876 eða 1878 á Ísafirði, en skömmu eftir 1900 í Reykjavík; tók þá við ábyrgðum þeim, sem Commercial Union hafði áður haft. Aðalumboðsmaður bankastjóri Sighv. Bjarnason.
2. Det kgl. octr. Brandassurance-Compagni for Varer og Effecter. Byrjaði árið 1884. Umboðsmaður í Reykjavík, J. P. T. Brydesverzlun.

3. Nederlandene. Byrjaði um 1892. Umboðsmaður í Reykjavík konsúll Jes Zimsen.
4. Star. Byrjaði um 1894. Tekur engar nýjar ábyrgðir á Suðurlandi lengur. Slysábyrgðarfjelög hafa engin starfað full 20 ár hjer á landi.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Við 2. gr.

Það er kunnugt, að ýms fjelög hafa marga umboðsmenn hjer, alla jafn rjettháa, en hvern með sitt afmarkað umboðssvæði; þetta fellur niður fyrir þau fjelög, sem lögin ná yfir, verði þetta frumvarp að lögum, en hinsvegar virðist það eðlilegt, að aðalumboðsmaður hafi rjett til með samþykki stjórnarráðsins að setja undirumboðsmenn út um land, en þó þannig, að hann ábyrgist starfsemi þeirra fyrir hönd fjelags síns.

Við 5. gr.

Það má vel búast við því, að innlend einkafjelög verði stofnuð til að reka ábyrgðarstarfsemi, og virðist auðsætt, að það þarf einnig að hafa trygging fyrir því, að slík fjelög geti fullnægt skuldbindingum sínum; er því sett hjeraðlútandi tryggingarákvæði í þessari grein.

Við 7. gr.

Það virðist sjálfsagt, að verði innlent eða útlent fjelag uppvíst að því að hafa í *verulegum* atriðum vanrækt að uppfylla skuldbindingar sínar og skyldur, eða hafa eigi nægilegt tryggingarfje fyrirbyggjandi, þá eigi það að hafa fyrirgert rjetti sínum til frekari starfsemi hjer í landi. Þetta ætti ekki að geta valdið neinum erfíðleikum við brunaábyrgðir, sem eru endurnýjaðar árlega, nje heldur við slysa-ábyrgðir, sem eru jafnast enn oftast endurnýjaðar, en við lífsábyrgðir er öðru máli að gegna. Það væri tjón fyrir þá, sem hafa greitt iðgjöld til fjelags um lengra árabíl, að verða að sleppa rjettindum sínum gagnvart því, og leita sjer tryggingar annarstaðar. Skuldbinding fjelagsins hlyti að halda áfram, meðan viðskiftamenn standa í skilum af sinni hálfu, og má ekki sleppa tryggingarfjenu fyrr en lokið er öllum skuldbindingum. Það hefir því ekki þótt fært að fara lengra en að banna nýjar ábyrgðir.

Aðrar greinar frumvarpsins virðast ekki þurfa skýringar við.

